

**FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB)  
nr. 868/2011**

**2012/EES/32/33**

frá 31. ágúst 2011

**um leyfi fyrir blöndu með *Lactobacillus plantarum* (DSM 21762) og blöndu með *Lactobacillus buchneri* (DSM 22963) sem fôðuraukefni fyrir allar dýrategundir (\*)**

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS  
HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1831/2003 frá 22. september 2003 um aukefni í fôðri <sup>(1)</sup>, einkum 2. mgr. 9. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Í reglugerð (EB) nr. 1831/2003 er kveðið á um veitingu leyfa til að nota aukefni í fôður ásamt forsendum og málsmeðferð við slíka leyfisveitingu.
- 2) Í samræmi við 7. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003 voru lagðar fram umsóknir um leyfi fyrir blöndu með *Lactobacillus plantarum* (DSM 21762) og blöndu með *Lactobacillus buchneri* (DSM 22963). Umsóknunum fylgdu upplýsingar og skjöl sem krafist er skv. 3. mgr. 7. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003.
- 3) Umsóknirnar varða leyfi fyrir blöndu með *Lactobacillus plantarum* (DSM 21762) og blöndu með *Lactobacillus buchneri* (DSM 22963), í aukefnaflokknum „tæknileg aukefni“, sem fôðuraukefni fyrir allar dýrategundir.
- 4) Matvælaöryggisstofnun Evrópu (hér á eftir nefnd „Matvælaöryggisstofnunin“) komst að þeirri niðurstöðu í álitinu sínu frá 15. mars 2011 <sup>(2)</sup> að *Lactobacillus plantarum* (DSM 21762) hafi ekki skaðleg áhrif á heilbrigði dýra eða manna eða á umhverfið og að

blandan geti mögulega bætt framleiðslu á votfôðri úr öllum fôðurjurtum með því að lækka sýrustig og auka geymsluþol þurrefna. Matvælaöryggisstofnunin telur að ekki sé þörf á sértækum kröfum um vöktun að lokinni setningu á markað. Í álitinu er einnig staðfest skýrsla um aðferðir til að greina fôðuraukefnin í fôðri sem tilvísunarrannsóknarstofa Bandalagsins, sem sett var á stofn með reglugerð (EB) nr. 1831/2003, lagði fram.

- 5) Matvælaöryggisstofnunin komst að þeirri niðurstöðu í álitinu sínu frá 7. apríl 2011 <sup>(3)</sup> að *Lactobacillus buchneri* (DSM 22963) hafi ekki skaðleg áhrif á heilbrigði dýra eða manna eða á umhverfið og að blandan geti mögulega bætt framleiðslu á votfôðri með því að auka framleiðslu á ediksýru. Matvælaöryggisstofnunin telur að ekki sé þörf á sértækum kröfum um vöktun að lokinni setningu á markað. Í álitinu er einnig staðfest skýrsla um aðferðir til að greina fôðuraukefnin í fôðri sem tilvísunarrannsóknarstofa Bandalagsins, sem sett var á stofn með reglugerð (EB) nr. 1831/2003, lagði fram.
- 6) Mat á blöndu með *Lactobacillus plantarum* (DSM 21762) og blöndu með *Lactobacillus buchneri* (DSM 22963) sýnir að skilyrðin fyrir leyfinu, sem kveðið er á um í 5. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003, eru uppfyllt. Til samræmis við það ber að leyfa notkun þessara blandna eins og tilgreint er í viðaukanum við þessa reglugerð.
- 7) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um matvælaferlið og heilbrigði dýra,

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

*I. gr.*

Blöndurnar, sem tilheyra aukefnaflokknum „tæknileg aukefni“ og virka hópnum „blöndunarefni til votfôðursverkunar“ og eru tilgreindar í viðaukanum, eru leyfðar sem fôðuraukefni með þeim skilyrðum sem mælt er fyrir um í þeim viðauka.

(\*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 226, 1.9.2011, bls. 2. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 37/2012 frá 30. mars 2012 um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn, (bíður birtingar).

<sup>(1)</sup> Stjtið. ESB L 268, 18.10.2003, bls. 29.

<sup>(2)</sup> *Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu* 2011 9(3), 2113.

<sup>(3)</sup> *Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu* 2011 9(4), 2138.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 31. ágúst 2011.

*Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar*

*forseti*

José Manuel BARROSO

---

## VIDAUKI

Kerminúmer aukefnisins	Nafn leyfishafa	Aukefni	Samsetning, efnarformúla, lýsing, greiningaraðferð	Tegund eða flokkur dýra	Hámarks- aldur	Hámarks- innihald		Leyfi rennur út	
						Lágmarks- innihald	Þyrpingafjöldi (CFU)/kg lifrans efnis		
<b>Flokkur tæknilegra aukefna. Virkur hópur: íblöndunarefni til votföðursverkunar.</b>									
1k2071	—	<i>Lactobacillus plantarum</i> (DSM 21762)	<p><b>Samsætning aukefnis:</b> Blanda með <i>Lactobacillus plantarum</i> (DSM 21762) sem inniheldur að lágmarki <math>5 \times 10^{11}</math> CFU/g aukefnis</p> <p><b>Lýsing á eiginleikum virka efnisins:</b> <i>Lactobacillus plantarum</i> (DSM 21762)</p> <p><b>Greiningaraðferð (1):</b> Ákvörðun á heildarfjölda: Áhellingaraðferð: EN 15787</p> <p>Sanngreining: með rafdrætti á geli í púlssviði (PFGE).</p>	Allar dýrategundir	—	$1 \times 10^8$	—	<p>1. Í notkunarleiddbeiningum með aukefninu og forblöndunni skal tilgreina geymsluhita og geymsluþol.</p> <p>2. Breyta má lágmarksskammti aukefnis ef það er notað í samsetningum með öðrum örverum sem íblöndunarefni til votföðursverkunar.</p> <p>3. Varðandi öryggi: Mælt er með að nota öndunarförn og hlífðarhanska við meðhöndlun.</p>	21. september 2021
1k2072	—	<i>Lactobacillus buchneri</i> (DSM 22963)	<p><b>Samsætning aukefnis:</b> Blanda með <i>Lactobacillus buchneri</i> (DSM 22963) sem inniheldur að lágmarki <math>5 \times 10^{11}</math> CFU/g aukefnis</p> <p><b>Lýsing á eiginleikum virka efnisins:</b> <i>Lactobacillus buchneri</i> (DSM 22963)</p> <p><b>Greiningaraðferð (2):</b> Ákvörðun á heildarfjölda: Áhellingaraðferð: EN 15787</p> <p>Sanngreining: með rafdrætti á geli í púlssviði (PFGE).</p>	Allar dýrategundir	—	$1 \times 10^8$	—	<p>1. Í notkunarleiddbeiningum með aukefninu og forblöndunni skal tilgreina geymsluhita og geymsluþol.</p> <p>2. Breyta má lágmarksskammti aukefnis ef það er notað í samsetningum með öðrum örverum sem íblöndunarefni til votföðursverkunar.</p> <p>3. Varðandi öryggi: Mælt er með að nota öndunarförn og hlífðarhanska við meðhöndlun.</p>	21. september 2021

(1) Upplýsingar varðandi greiningaraðferðirnar eru fáanlegar á eftirfarandi síð: [http://irmm.jrc.ec.europa.eu/EURLs/EURL\\_feed\\_additives/Pages/index.aspx](http://irmm.jrc.ec.europa.eu/EURLs/EURL_feed_additives/Pages/index.aspx)(2) Upplýsingar varðandi greiningaraðferðirnar eru fáanlegar á eftirfarandi síð: [http://irmm.jrc.ec.europa.eu/EURLs/EURL\\_feed\\_additives/Pages/index.aspx](http://irmm.jrc.ec.europa.eu/EURLs/EURL_feed_additives/Pages/index.aspx)